



Afkoma TM á öðrum ársfjórðungi 2016

Reykjavík, 24. ágúst 2016

Á stjórnarfundi þann 24. ágúst 2016 samþykkti stjórn og forstjóri TM uppgjör vegna fyrri árshelming 2016. Árshlutareikningurinn var kannaður af endurskoðendum félagsins.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM:

„Afkoma félagsins á öðrum ársfjórðungi var mjög góð og umtalsvert betri en áætlun gerði ráð fyrir. Mikill viðsnúningur varð á váttryggingastarfsemi og var samsett hlutfall fjórðungins 87%. Hagnaður fyrir skatta eykst um 785 milljónir kr. milli ára og skýrist af hækkun eigin iðgjalda og fjárfestingatekna á sama tíma og tjonakostnaður lækkar. Váttryggingastarfsemin skilar jákvæðri afkomu á fjórðungnum sem sýnir að TM hefur með endurverðlagningu náð tökum á aukningu í tjonatíðni á síðustu misserum.“

Helstu niðurstöður annars ársfjórðungs (2F) voru eftirfarandi:

	2F 2016	2F 2015	Δ	Δ%	Á 2F 2016	Δ	Δ%
Eigin iðjöld	3.512.007	3.113.629	398.378	12,79%	3.426.799	85.208	2,49%
Fjármunatekjur	1.054.364	616.232	438.132	71,10%	771.624	282.740	36,64%
Aðrar tekjur	9.922	9.064	858	9,47%	8.991	931	10,35%
Heildartekjur	4.576.293	3.738.925	837.368	22,40%	4.207.414	368.879	8,77%
Eigin tjon	-2.279.732	-2.337.579	57.847	-2,47%	-2.518.281	238.549	-9,47%
Rekstrarkostnaður	-881.829	-802.073	-79.756	9,94%	-855.190	-26.639	3,11%
Fjármagnsgjöld	-60.329	-58.758	-1.571	2,67%	-69.583	9.254	-13,30%
Virðisrýrnun útlána	-19.634	9.132	-28.766	-315,00%	-3.000	-16.634	554,47%
Heildargjöld	-3.241.524	-3.189.278	-52.246	1,64%	-3.446.054	204.530	-5,94%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.334.769	549.647	785.122	142,84%	761.360	573.409	75,31%
Tekjuskattur	-171.104	-68.224	-102.880	150,80%			
Hagnaður	1.163.665	481.423	682.242	141,71%			

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Samsett hlutfall á fyrri helmingi ársins 97%

Framlegð váttrygginga á fyrri helmingi ársins var jákvæð um 210 milljónir kr. sem er mikill viðsnúningur frá fyrra ári þegar hún var neikvæð um 696 milljónir kr. Allir greinaflokkar váttrygginga skila betri afkomu en á sama tíma í fyrra og samsett hlutfall lækkar úr 112% í 97%. Áætlun félagsins gerði ráð fyrir því að samsett hlutfall í váttryggingum yrði 102% á fyrri helmingi ársins.

Endurmat eigna skilar góðri afkomu af fjárfestingum

Fjármunatekjur námu 1.054 m.kr. á öðrum ársfjórðungi sem jafngildir 4,2% ávöxtun fjáreigna. Það verður að teljast mjög góður árangur í ljósi þess að markaður með skráð verðbréf var erfiður á fjórðungnum en markaðsvísitala Gamma lækkaði um 1,4%. Hækkanir á óskráðum eignum og fasteignasjóðum skýra stærstan hluta af þessari góðu afkomu en ellefu eignir voru endurmetnar á fjórðungnum, nánast í öllum tilfellum vegna nýlegra viðskipta eða nýrra upplýsinga um gengi frá rekstraraðilum sjóðanna. Skráðar innlendar eignir í eignasafninu lækkuðu um 1,7% á fjórðungnum sem er ásættanlegt í samanburði við lækkun á þeim markaði en verri ávöxtun skýrist af meira vægi hlutabréfa í eignasafni TM heldur en í viðmiði. Fjármunatekjur á fyrri helmingi ársins námu 1.464 m.kr. sem jafngildir 5,8% ávöxtun.

Helstu niðurstöður fyrri ársheilmings 2016 (1H 2016) voru eftirfarandi:

	1H 2016	1H 2015	Δ	Δ%	Á 1H 2016	Δ	Δ%
Eigin iðjöld	6.840.223	6.051.607	788.616	13,03%	6.741.109	99.114	1,47%
Fjármunatekjur	1.463.828	1.488.544	-24.716	-1,66%	1.288.408	175.420	13,62%
Aðrar tekjur	21.871	20.184	1.687	8,36%	19.827	2.044	10,31%
Heildartekjur	8.325.922	7.560.335	765.587	10,13%	8.049.344	276.578	3,44%
Eigin tjón	-5.060.459	-5.324.341	263.882	-4,96%	-5.327.112	266.653	-5,01%
Rekstrarkostnaður	-1.772.569	-1.604.855	-167.714	10,45%	-1.744.153	-28.416	1,63%
Fjármagnsgjöld	-136.055	-72.076	-63.979	88,77%	-119.205	-16.850	14,14%
Virðisrýrnun útlána	-37.474	12.729	-50.203	-394,40%	-6.000	-31.474	524,57%
Heildargjöld	-7.006.557	-6.988.543	-18.014	0,26%	-7.196.470	189.913	-2,64%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.319.365	571.792	747.573	130,74%	852.874	466.491	54,70%
Tekjuskattur	-145.786	-17.872	-127.914	715,72%			
Hagnaður (tap)	1.173.579	553.920	619.659	111,87%			

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Lykiltölur á fyrri ársheilmingi (1H 2016) voru eftirfarandi:

	1H2016	1H2015	Δ	Δ%	Á1H2016
Hagnaður á hlut (kr.)	1,71	0,75	0,96	-0,21	
Arðsemi eigin fjár (m.v. 12m)	21,3%	9,4%			
Eiginfjárlutfall	32,9%	31,3%			
Handbært fé frá rekstri	1.719	1.272	447	35%	
Vátryggingastarfssemi					
Tjónshlutfall	74,0%	88,0%	-14,0%		79%
Kostnaðarlutfall	23,0%	23,5%	-0,5%		23%
Samsett hlutfall	97,0%	111,5%	-14,5%		102%
Hagnaður/tap	531	-283	734	-362%	248
Framlegð	210	-696	906	-130%	-124
Fjárfestingar					
Ávöxtun fjáreigna	5,8%	5,7%			
Hagnaður/tap	1.174	554	620	112%	

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Kynningarfundur kl. 8:30 fimmtudaginn 25. ágúst.

TM býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi 2016 þann 25. ágúst kl. 8:30. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum TM að Síðumúla 24, 4. hæð. Þar kynnir Sigurður Viðarsson forstjóri uppgjörið og svarar spurningum.

Árshlutareikning og afkomutilkynningu verður hægt að nálgast á vef félagsins www.tm.is. Kynning á uppgjöriinu verður einnig aðgengileg á sama stað við upphaf kynningarfundar. Fylgjast má með fundinum í gegnum vefinn á slóðinni:

<https://global.gotomeeting.com/join/626262373>

Fjárhagsdagatal 2016

3. ársfjórðungur: 27. október 2016

4. ársfjórðungur: 16. febrúar 2017

Nánari upplýsingar:

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM

S: 515-2609

sigurður@tm.is